

## Georgía. Gull og grænir skógar

RÚV flytur okkur í belg og biðu fréttir frá Georgíu, þ.e. les fréttaskeyti og sýnir myndir frá vestrænum fréttaveitum. Þar bergmála m.a. CIA áróðursstofnanir á borð við „Radio Free Europe“ og „Liberty.“ Þær voru settar á stofn í kalda stríðinu. Þar að auki er orðin til samsteypan „Trusted News Initiative,“ sem RÚV er hluti af. Þessi upplýsingahernaður eða vitundariðnaður er greinilega hluti af íslenskri utanríkisstefnu með þórdísi Kolbrúnu Reykjörð Gylfadóttur Kristilega jafnaðarmannaflokkssins í aðalhlutverki.

RÚV hefur ekki burði til að setja atburðarrásina í samhengi. Skilningur þess nær varla lengra en sem nemur Rússagrýlunni eða Rússaandúðinni, enda skilst mér að þulir séu lélegir rannsóknarblaðamenn á RÚV. (Igor Shafarevich hefur skrifað ágæta ritgerð um Rússafælni (Russophobia)). Því er það, að málið, í huga fréttaskeytalesara RÚV, snýst um löggjöf, sem kynni að vera runnin undan rifjum Vonda-Valda og stefnir lýðræði og frelsi Georgíumanna í hættu.

Löggjöfin snýst um skyldu til að gera opinberar upplýsingar um erlenden fjárstuðning til félagasamtaka, nemi hann fimmtungi eða meira af rekstarfjármagni. Slík löggjöf hefur verið sett í Kyrgistan og í Rússlandi, að bandarískri fyrirmynnd, þ.e. American Foreign Agents Registration Act, frá 1938. Meira að segja Norðmenn hafa svipuð lög í undirbúningi.

Mótmælin bera öll merki nýrrar litskrúðsbyltingar (color revolution), sem Bandaríkjumenn (og Nató) hafa stundað víða um Austur-Evrópu (og í Norður-Afríku og fyrir botni Miðjarðarhafs, að ógleymdu Íran). Hrinan byrjaði í Rússlandi á níunda áratugi síðustu aldar. Markmiðið var- eins og ævinlega fyrr og síðar- að tryggja lýðræði og frelsi.

En það gleymist iðulega að geta þess, að um sé að ræða yfirlýsta utanríkis- eða heimsveldisstefnu Bandaríkjanna gagnvart Rússlandi, þ.e. að búta Rússland niður í frumeindir, ná yfirráðum yfir auðlindum þess, og eyðileggja tengslin við aðrar þjóðir. Þetta á t.d. við um Varnarsamtök Evróasíu (Collective Security Treaty Organization – CSTO)

Þegar Vonda-Valda og stuðningsmönnum tókst að stöðva frekari eyðileggingu Rússlands og sambandsríkja þess, gerðu Bandaríkjumenn harða atlögu að Georgíu. Þar átti sér stað svokölluð Rósabylting, árið 2003, undanfari byltingarinnar í Úkraínu. Bandaríkjumenn (og Nató) hafa einnig reynt fyrir sér í Serbíu, Hvítá-Rússlandi og víðar.

Eduard Shevardnadze (1928-2014) var hrakinn frá völdum í Rósabytingunni og við tók leppur Vesturlanda, Mikheil Saakashvili, sem situr nú í fangelsi í Georgíu, eftir skrautlegan hrakfaraferil í Úkraínu og víðar,ærunni rúinn. Úkraínumenn dubbuðu hann meira að segja upp til borgarstjóra Odessa.

Litskrúðsbyltingin í Georgíu virðist fjármögnuð af svokölluðum óopinberum félagasamtökum (non-governmental organization). Um 90% þeirra eru fjármagnaðar erlendis frá. Í hinni smáu Georgíu með 3.7 milljónir íbúa, eru hvorki meira né minna en 20.000 slíkra samtaka eða ein samtök fyrir hverja 148 íbúa. Leynibjónustur erlendra ríkja – ekki síst Bandaríkjanna (National Endowment for Democracy) – eru þar fyrirferðarmiklar. Á árinu 2021 studdi sú bandaríkska 21 slík samtök í Georgíu. Stuðningurinn nemur 85 milljónum dala, fram að þessu.

Sjóðir mannvina eins og George Soros, láta sitt ekki eftir liggja, t.d. Open Society Foundation. Sú stofnun er annáluð fyrir undirróður og áróður víða. T.d. í Úkraínu, þar sem tvær litskrúðsbyltingar hafa verið gerðar, að undirlagi bandarísku leyinibjónustunnar og Nató. Beitan fyrir almenning var sú sama og nú í Georgíu; frelsi, lýðræði, aðild að Nató og Evrópusambandinu.

Þessari aðferð er sömuleiðis beitt í Armeníu. Þar róa Vesturveldin á gruggug mið, leitast við að spilla samstarfi Armena við Aserbædsjan og aðra nágranna, m.a. Rússu.

Eftir Rósabytinguna öttu Vesturveldin Georgíumönnum til að ráðast inn í sjálfsstjórnarhéruðin, Suður-Ossetíu (Ossetia) og Abkasíu (Abkhazia), og drepa þar m.a. rússneska friðargæslulíða, sem störfuðu í alþjóðlegri friðargæslusveit.

Mér er ekki örgrannt um, að fyrir Bandaríkjamönnum og Nató vaki að tryggja landleið til Armeníu, þar sem þeir ota sínum stríðstota. Landleið má reyndar finna gegnum Tyrkland, en Erdogan getur verið óþægur ljár í þúfu og tvöfaldur í roðinu gagnvart Bandaríkjamönnum, sem stundum etja ISIS málaliðum sínum gegn Tyrkjum.

Líklega stafar Georgíumönnum mestri hættu af eigin þjóðernisfasistaher (Georgian Legion). Hann hefur m.a. barist við hlið nasistaherdeildarinnar, Azov, í Úkraínu. Hermenn hennar eru kunnir að grimmd og óhæfuverkum, m.a. fjöldaaftökum á rússneskum föngum.

Foringi þeirra er Mamuka Mamulashvili. Herinn er fjármagnaður af erlendum öflum og því skiljanlegt, að georgískur almenningur megi ekki af því vita. Þjóðernisfasistarnir hafa komið njósnurum sínum fyrir í stjórnkerfi Georgíu og sitja á svikráðum við löglega kjörna stjórn. Mamuka er aufúsugestur í bandaríkska þinginu.

<https://apps.dtic.mil/sti/tr/pdf/ADA335121.pdf>

<https://www.globalsecurity.org/military/world/int/csto.htm>

[The Color Revolution Model: An Exposé of the Core Mechanics |  
\(syncreticstudies.com\)](#)

[https://steigan.no/2023/06/mikheil-saakasjvili/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2023/06/mikheil-saakasjvili/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[Organizations Funded by the U.S. National Endowment for Democracy \(NED\) – Swiss Policy Research \(swprs.org\)](#)

[https://steigan.no/2024/05/usa-har-det-men-finansierer-oppror-i-georgia-nar-de-ogsa-vil-ha-det/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/usa-har-det-men-finansierer-oppror-i-georgia-nar-de-ogsa-vil-ha-det/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://korybko.substack.com/p/the-west-simply-shrugged-as-rioters?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=144230467&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/the-west-simply-shrugged-as-rioters?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=144230467&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.globalpolitics.se/usa-har-lag-mot-utlandsfinansiering-av-ngo-sedan-1938-men-forsoker-hindra-georigien-att-ha-samma-lag/>

[https://korybko.substack.com/p/the-georgian-state-security-service?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=144461146&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/the-georgian-state-security-service?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=144461146&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[The Color Revolution Model: An Exposé of the Core Mechanics |  
\(syncreticstudies.com\)](#)

<https://www.voltairenet.org/article220781.html>

[https://korybko.substack.com/p/the-2008-georgian-conflict-was-the?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/the-2008-georgian-conflict-was-the?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://korybko.substack.com/p/will-zelensky-become-the-new-saakashvili?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/will-zelensky-become-the-new-saakashvili?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.rt.com/russia/557932-russia-claims-eliminate-mercenaries/>

<https://thegrayzone.com/2022/04/08/lawmakers-georgian-warlord-war-crimes-ukraine/>

[https://www.globalresearch.ca/georgian-protests-another-chapter-color-revolution-playbook/5813537?utm\\_campaign=magnet&utm\\_source=article\\_page&utm\\_medium=related\\_articles](https://www.globalresearch.ca/georgian-protests-another-chapter-color-revolution-playbook/5813537?utm_campaign=magnet&utm_source=article_page&utm_medium=related_articles)

<https://www.globalresearch.ca/georgia-protest-foreign-agents-registration/5856812>